

REGLUR

um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð

Reglurnar gilda um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustað eða byggingarsvæði þar sem byggingarframkvæmdir og mannvirkjagerð fer fram.

Markmið reglnanna er að samræma öryggis- og heilbrigðisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Sérstaklega er fjallað um ábyrgð þar sem fleiri en einn verktaki er að störfum.

Í reglunum eru skilgreindar skyldur aðila er að byggingarstarfsemi koma, s.s. verkkaupa, atvinnurekenda, verktaka, sjálfstætt starfandi einstaklinga, verkefnastjóra, samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðisráðstafana og annarra starfsmanna.

● Skipa ber samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðisráðstafana til starfa á byggingarsvæði þar sem fleiri en einn atvinnurekandi eða verktaki eru að störfum.



● Áður en byggingarsvæði er skipulagt skal gerð öryggis- og heilbrigðisáætlun ef:

a) tveir eða fleiri atvinnurekendur eða verktakar starfa samtímis á sama byggingarvinnustað og starfsmenn eru fleiri en 10,

b) vinna er hættuleg, sbr. II. viðauka reglnanna.

● Í IV. viðauka reglnanna eru settar fram kröfur sem gerðar eru til starfsmannaáðstöðu á byggingarvinnustöðum.

Reglurnar (nr. 547/1996) fást hjá Vinnueftirlitinu og á heimasíðunni.



VINNUEFTIRLITIÐ

Bíldshöfði 16, 110 Reykjavík, sími 550 4600, fax 550 4610
Netfang: vinnueftirlit@ver.is Heimasíða: www.vinnueftirlit.is

